

TILSKIPUN

um manntal árið 1940.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Að með því að 1. desember er nú almennt skoðaður sem hátíðisdagur hér á landi og hann ber í ár upp á sunnudag, og því þykir óheppilegt að láta allsherjar manntal fara fram þann dag, fyrirskipar ráðuneytið svo, samkvæmt 1. gr. laga nr. 4 18. maí 1920:

1. gr.

Almennt manntal skal taka um land allt 2. desember 1940.

2. gr.

Tilskipun þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 3. október 1940.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson.

Jakob Möller.

Ólafur Thors.

Stefán Jóh. Stefánsson.

(L. S.)

Jakob Möller.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um viðauka við lög nr. 91 14. maí 1940, um húsaleigu.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Húsnæði til íbúðar mun nú í Reykjavík og jafnvel í fleiri kaupstöðum og kaптúnunum í landinu vera af svo skornum skammti, að ekki má rýra það frekar en óhjákvæmilegt er. Stafar þessi húsnæðisskortur sumpart af því, að ekki hefir verið reist nálægt því eins mikið af nýjum íbúðarhúsum á þessu ári og venja er til, vegna hækkunar á verði byggingarefnis og erfiðleikum á útvegum þess, og sumpart af því, að eftirspurn eftir húsnæði hefir verið meiri en tíðkæzt hefir, þegar ekki hefir verið um neitt óvenjulegt ástand í landinu að ræða, og því ekki þurft húsnæði umfram eðlilega fólksfjölgun. Hefir félagsmálaráðherrann í þessu sambandi bent á það, að nokkur hætta sé á því, að meira eða minna af húsnæði því í kaupstöðum og kaптúnunum, sem nú er notað til íbúðar, kynni að verða tekið til annarrar notkunar, þannig, að íbúðarhúsnæði rýrist við það. Jafnframt hefir hann bent á það, að ekki sé útilokað, að einhverjar íbúðir kunni að standa auðar, en slíkt er óviðunandi, ef húsnæðisekla reynist tilfinnanleg. Til þess að koma í veg fyrir rýrnun á íbúðarhúsnæði af framantöldum ástæðum, telur ráðherrann nauðsynlegt, að sett verði þegar bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar og fellst ráðuneytið út af því á, að setja í þessu skyni bráðabirgðalög á þessa leið: